



**Fundargerð
Oddvitanefndar
uppsveita Árnessýslu**



Fundur nr. 13 – 17. apríl 2026

13. fundur Oddvitanefndar uppsveita Árnessýslu (kjörtímabilið 2022 – 2026) var haldinn á Ylju, Laugarási, föstudaginn 17. apríl 2026 kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir formaður, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Ársreikningur Laugaráshéraðs 2025

Lagður var fram til kynningar ársreikningur fyrir árið 2025.

2. Kaupsamningur Bláskógabyggðar vegna jarðarinnar Laugarás

Lagt var fram að öll aðildarsveitarfélögin, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Bláskógabyggð, hafi samþykkt kaupsamning um sölu eignarhluta í jörðinni Laugarási, L167391, í Bláskógabyggð.

Samkvæmt samningnum kaupir Bláskógabyggð eignarhluti Hrunamannahrepps (30,0%), Skeiða- og Gnúpverjahrepps (24,9%) og Grímsnes- og Grafningshrepps (11,9%) í jörðinni.

Umsamið kaupverð er kr. 187.040.000 og skiptist það með eftirfarandi hætti:

Hrunamannahreppur: kr. 84.000.000

Skeiða- og Gnúpverjahreppur: kr. 69.720.000

Grímsnes- og Grafningshreppur: kr. 33.320.000

Kaupsamningurinn tekur til allra réttinda sem fylgja jörðinni Laugarási, þar með talið fasteigna og lóða sem skipt hefur verið úr jörðinni, ásamt hlunnindum, svo sem jarðhitaréttindum og veiðiréttindum. Gildandi lóðarleigusamningar halda gildi sínu.

Oddvitar aðildarsveitarfélaganna undirrita kaupsamninginn á fundinum.

3. Lénið laugarás.is

Rætt var um lénið www.laugaras.is sem tengist jörðinni Laugarási. Fram kom að Bláskógabyggð er skráður greiðandi lénsins en Hrunamannahreppur er skráður tengiliður rétthafa. Oddvitanefndin telur eðlilegt að lénsheitið fylgi með kaupunum á jörðinni Laugarási. Oddvitanefndin leggur til við sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna að samþykkja að lénið laugarás.is verði fært til Bláskógabyggðar og að Hrunamannahreppi verði falið að ganga frá breytingu á skráningu lénsins í samræmi við það.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:00.